

**Ed.**

**562. Breytingartillögur**

**[33. mál]**

við frv. til skipulagslaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Síðasti másl. 3. mgr. orðist svo:  
Ef ágreiningur verður milli aðila, sem fara með stjórn skipulagsmála, þ. e. skipulagsstjórnar ríkisins og sveitarstjórnar, sker ráðherra úr, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í lögum þessum.
2. Við 2. gr. 1. másl. 2. mgr. orðist svo:  
Skipulagsstjóri sér um mælingar, gerð skipulagsuppráttanna og endurskoðun þeirra í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:  
Skylt er að gera skipulagsupprætti að öllum kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, þar sem búa 100 íbúar eða fleiri.  
Ráðherra getur, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, úrskurðað, að ákvæði laga þessara nái til annarra staða en um ræðir í 1. mgr.  
Ráðherra getur, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, látið gera drög að héraða- og landshlutaskipulagi.  
Úrskurður ráðherra um skipulagsskyldu er fullnaðarúrskurður. Úrskurður um skipulagsskyldu skal birta í Stjórnartíðindum og tilgreina þar mörk hins skipulagsskylda svæðis.
4. Við 15. gr. Í stað orðanna „lokið við“ í 1. másl. komi: samþykkt.